

Takk hreinlæti ehf.
Draghálsi 18-26
110 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2026
UOS-3166/B.B.B.

Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 19. febrúar 2026 um niðurstöðu eftirlits þar sem gerðar eru kröfur um úrbætur á sæfivörum á markaði sem fyrirtækið Takk hreinlæti ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Í ljós kom að Júgursmyrsl m/joði var á markaði án markaðsleyfis og því var eftirfylgni með vörunni send til lögfræðings stofnunarinnar. Þetta bréf nær því aðeins til varanna Spenadýfu og Júgurþvottalögs.

Við skoðun vörunnar Spenadýfu kom í ljós að um gamlar birgðir var að ræða og hafði fyrirtækið ákveðið að draga vöruna af markaði og hætta alfarið með sölu hennar. Staðfesting þess efnis barst stofnuninni með tölvupósti þann 01.04.2026. Úrbætur bárust stofnuninni í framhaldinu vegna vörunnar Júgurþvottalögs, m.a. með uppfærðum merkingum og staðfestingu á að virka efni vörunnar sé skráð á 95 listann.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins og merktar með uppfærðum merkimiða sem hefur verið staðfestur af stofnuninni.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með sæfivörum sem féllu undir umfang verkefnisins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Takk hreinlæti ehf. setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1033/2025 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 95.648 kr.

Upplýsingar um sæfivörur má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur eða Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur, í síma 569-6000 eða í gegnum netföngin hafdis.i.ingvarsdottir@uos.is eða bergdis.b.baeringsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

Teymi efnamála